

SÚÐAVÍKURHREPPUR

2. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR - MENNINGAR OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

HALDINN Í ÁLFTAVERI - GRUNÐARSTRÆTI, FIMMTUDAGINN 11. ÁGÚST 2022 KL. 16:00

Fimmtudaginn þann 11. ágúst 2022 kl. 16:00 var haldinn fundur í fræðslu-, tómsundar-, menningar- og kynningarnefnd Súðavíkurbrepps. Boðaðir voru aðalmenn auk skólastjóra.

Mætt til fundar: Aníta Björk Pálínudóttir, Selma Guðmundsdóttir, Salbjörg Sigurðardóttir og Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri. Thorsteinn Haukur Thorsteinsson og Stella Guðmundsdóttir voru í fjarfundi. Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri sat einnig fundinn.

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundar. Fundargerð ritaði Bragi Þór Thoroddsen.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

Dagskrá:

- Skólanámsskrá fyrir leikskóla – kynning.
- Skólanámsskrá fyrir grunnskóla – kynning.
- Stygging vinnuviku.
- Skóladagatal.
- Dægradvöl.
- Önnur mál.

Afgreiðsla erinda:

- 1. Skólanámsskrá fyrir leikskóla – kynning.**
Skólanámsskrá leikskóla kynnt og rædd.
- 2. Skólanámsskrá fyrir grunnskóla – kynning.**
Skólanámsskrá grunnskóla kynnt og rædd. Vísir og starfsáætlun eru í vinnslu ásamt bekkjarvísunum.
- 3. Stytting vinnuviku.**
Búið að semja við leikskóla og starfsmenn. Enn er eftir að semja um styttingu vinnuviku við kennara. Boðið er upp á fimm möguleika; uppsöfnun árs, mánaðarlega uppsöfnun, vikustytting eða hver dagur stytur eða blönduð leið.

4. Skóladagatal.

Uppsetningu lokið en lokahönd lögð á skóladagatal þessa dagana. Starfsdagur verður líklega 15. ágúst 2022 til þess að ná öllum saman. Frí verður í leikskóla sumarið 2023 júlí – ágúst. 23-24. september 2022 verður UT ráðstefna í Heydal, hluti af endurmenntun kennara og starfsfólks.

Að öðru leyti að mestu óbreytt frá síðasta skólaári. Lokað verður milli jóla og nýárs í leikskóla til þess að samræma við sumarfrí.

5. Dægradvöl.

Boðið verður upp á dægradvöl ef næg þátttaka fæst og er alger forsenda þess að boðið verður upp á dægradvöl. Verður send samhliða könnun og verðskrá fyrir dægradvöl, eitt gjald óháð notkun.

6. Önnur mál.

Endurmenntun. Leikskólastarfsfólk verður í endurmenntun á námskeiðinu Talaðu við mig. Námskeið er 6 dagar yfir skólaárið. Þörf verður fyrir afleysingu þann tíma. Skólinn, leikskólinn og grunnskólinn, verða á námskeiði sem nefist Menntaflétta. Skólastjóri verður á námskeiði sem heitir Forysta um nám og styðjandi menningu. Boðið upp á fleiri námskeið s.s. Uppeldi til ábyrgðar o.fl. UT námskeið sem fyrr segir í Heydal.

Staða mötuneytis fyrir veturinn.

Mötuneytismál verða tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 12. ágúst 2022 og framtíð þess ákveðin.

Úrbótaáætlun fyrir Súðavíkurskóla. Skólastefna Súðavíkurhrepps er á ábyrgð fræðslunefndar og sveitarstjórnar. Upplýsingar milli heimilis og skóla hafa verið uppfærðar. Gátlisti til foreldra varðandi kynningar og mælingar verða sendir foreldrum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 17:30

Aníta Björk Pálínudóttir
Selma Guðmundsdóttir
Salbjörg Sigurðardóttir

Thorsteinn Haukur Thorsteinsson og Stella Guðmundsdóttir voru í fjarfundi.

Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri Súðavíkurskóla
Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri Súðavíkurhrepps